

Tillaga til 461. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. september 2020

Tillaga frá 1120. fundi bæjarráðs, sem fram fór 7. september 2020, um að bæjarstjórn samþykki kaup á tölvubúnaði fyrir sveitarfélagið, í samræmi við minnisblað innkaupa- og tæknistjóra. Þá leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 12 við fjárhagsáætlun 2020.

3. Tölvumál Ísafjarðarbæjar - 2017020127

Lagt fram minnisblað Eypórs Guðmundssonar, innkaupa- og tæknistjóra, dags. 3. september 2020, varðandi kaup á tölvubúnaði fyrir sveitarfélagið.

Jafnframt lagður fram viðauki 12 við fjárhagsáætlun 2020, vegna tölvubúnaðar.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er neikvæð um kr. 13.000.000,-

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 13.000.000, eða lækkun neikvæðrar rekstrarniðurstöðu úr kr. 50.269.829,- í 63.269.829,-.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 13.000.000,- eða lækkun rekstrarafgangs úr kr. 102.730.171,- í kr. 89.730.171.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja kaup á tölvubúnaði fyrir sveitarfélagið, í samræmi við minnisblað innkaupa- og tæknistjóra.

Þá leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 12 við fjárhagsáætlun 2020.